

# ÁRSSKÝRSLA

2023-2024



Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir

Leikskólinn Hnoðraból

Júní 2024





## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Hagnýtar upplýsingar .....	3
Nemendafjöldi.....	6
Starfsmenn .....	7
Áherslur í skólastarfi .....	8
Skýrslur deildarstjóra .....	9
Gula deild .....	9
Rauða deild .....	11
Tónlist.....	13
Skýrsla sérkennslustjóra.....	13
Mat á starfsemi .....	15
Mat barnanna .....	16
Starfsmannakönnun.....	16
Samstarf leik- og grunnskóla.....	17
Viðburðir, hátíðir og hefðir .....	18
Leikhúsferðir .....	22
Foreldrasamstarf .....	22
Foreldrafundur .....	23
Starfspróun og breytingar .....	23
Lokaorð .....	24



## Inngangur

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 1. ágúst 2023 – 31. júlí 2024. Hún byggir á því starfi sem unnið hefur verið á Hnoðrabóli síðastliðið skólaár.

Á þessu skólaári höfum við staðið frammi fyrir miklum áskorunum vegna mönnunarvanda. Til að mæta því brugðum við til þessa ráðs að opna kl. 8:15 og loka kl. 15:30 hluta vetrar en náðum svo að lengja opnunartímann í 8:00-15:45 mánudaga – fimmtudaga og 8:00-14:30 á föstudögum. Með þessu höfum við náð fullri styttingu vinnuvikunnar hjá öllum starfsmönnum. Við lokuðum frá 21. desember til 2. janúar í tvo daga í vetrarfríi grunnskólans í febrúar og í dymbilviku. Þessar aðgerðir vegna mönnunarvanda voru unnar í samstarfi við foreldrafélagi og sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Eins lokar Hnoðraból 2 vikum fyrir fyrir sumarlokun svo samfleytt er lokað í 6 vikur og allir ná að klára orlofið sitt. Óvenju margir starfsmenn eru í hlutastarfi hjá okkur og töluverð veikindi hafa verið í starfsmannahópnum í vetur en með samhug og samvinnu allra höfum við náð að halda skólastarfinu sem mest óskertu utan þess sem upp er talið hér að ofan, þó einhverja daga í haust hafi þurft að grípa til lokana á deildum. Því miður hefur að þessum sökum myndast biðlisti hjá okkur.

Leikskólastarf á Hnoðrabóli grundvallast af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og núna erum við að innleiða þær breytingar sem voru gerðar á aðalnámskránni haustið 2023. Einnig byggjum við starf okkar á skólanámskrá Hnoðrabóls og skólastefnu Borgarbyggðar en ný skólastefna kom út á vormánuðum 2024.

## Hagnýtar upplýsingar

Leikskólinn Hnoðraból er staðsettur á Kleppjárnsreykjum í Borgarbyggð.



Rekstraraðili leikskólans Hnoðrabóls er sveitarfélagið Borgarbyggð. Leikskólinn starfar eftir verklagsreglum leikskóla Borgarbyggðar, lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla, skólastefnu Borgarbyggðar og skólanámskrá Hnoðrabóls.

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla, hann ber ábyrgð á uppeldi og menntun barnanna og rekstri leikskólans.

Deildarstjórar bera ábyrgð á uppeldi og menntun barnanna á sinni deild. Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna í samstarfi við deildar- og leikskólastjóra.

Á Hnoðrabóli eru tvær deildir með börnum frá 1 árs til 6 ára.

Leikskólinn er opinn frá kl. 8:00 – 16.00, en dvalartími barnana er misjafn. Dvalarsamningur er gerður í upphafi skólagöngu barnsins.

### **Stjórnendur**

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir, leikskólastjóri  
Elsa Þorbjarnardóttir, deildarstjóri Gulu deildar  
Unnur Jóhannsdóttir, deildarstjóri Rauðu deildar á haustönn.  
Dagný Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri Rauðu deildar á vorönn.  
Judith Haas, sérkennslustjóri til 1. febrúar 2024.

### **Foreldraráð – og félag**

Sigríður Guðbjartsdóttir  
Johanna Karin Knutsson  
Kristjana Karlsdóttir / Þuríður Inga Geirdal

### **Umsjón með heimasíðu**

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir



Leikskólinn Hnoðraból  
*Lífið er yndislegt með sól í hjarta*



Elsa Þorbjarnadóttir

**Innleiðing skólastefnu Borgarbyggðar**

Deildarstjórar og leikskólastjóri

**Ljósberateymi – Leiðtoginn í mér**

Dagný Vilhjálmadóttir

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmadóttir

**Umhverfisnefnd**

Elsa Þorbjarnadóttir, deildarstjóri

Guðmundur Freyr Kristbergsson, foreldri

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmadóttir, leikskólastjóri



## Nemendafjöldi

Ákvörðun um fjölda barna hverju sinni er tekin af leikskólastjóra í samráði við fræðslustjóra og/eða fræðslunefnd Borgarbyggðar, sbr. 2 mgr. 4. gr.laga nr. 90/2008. Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal meðal annars tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, dvalartíma, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Allt skólaárið höfum við verið að glíma við mönnunarvanda og því eru börn á biðlista sem ekki hefur verið hægt að taka inn.

Sumarið 2023 hættu 7 börn í árgangi 2017 hjá okkur þar sem þau voru að hefja sína grunnskólagöngu. Auk þess fluttu tvö börn af svæðinu annað fætt 2018 og hitt 2020. Í ágúst tókum við inn bræður fædda 2018 og 2022 og um áramót byrjaði eitt 2022 barn þar sem móðirin var að koma til vinnu hjá okkur eftir fæðingarorlof. Í maí tókum við svo inn eitt barn fætt 2019 sem var búið að vera á biðlista frá áramótum. Á biðlista hjá okkur eru núna 4 börn fædd 2022 og 2023 sem við höfum ekki náð að taka inn vegna manneklu.

Deildarskipting hélst óbreytt frá vori 2023 og í allan vetur. Börn fædd 2021 og 2022 voru á Rauðu deild og börn fædd 2018, 2019 og 2020 á Gulu deild. Ekkert barn hætti hjá okkur yfir skólaárið. Í lok skólaárs voru nemendur Hnoðrabóls 29, 12 á Rauðu deild og 17 á Gulu deild.

### Fjöldi barna eftir árgöngum vorið 2024.

2023	2022	2021	2020	2019	2018	Alls
0	5	7	4	9	4	29



## Starfsmenn

Þessir starfsmenn sem taldir eru upp hér að neðan störfuðu allir við skólann á skólaárinu 2023-2024.

Ekki hefur gengið sem skyldi að manna skólann þetta skólaárið. Tveir starfsmenn komu til baka úr fæðingarorlofi um áramót og tveir aðrir fóru í fæðingarorlof sitthvoru megin við áramótin. Af óviðráðanlegu orsökum voru nokkrir starfsmenn að glíma við heilsubrest og hafði það mikil áhrif á starfsmannahaldið. Mikil orka hefur verið sett í að reyna að manna skólann og hafa verið stanslaust úti auglýsingar sem ekki hafa skilað tilskyldum árangri. Af þeim sökum náðist ekki að taka inn börn af biðlistanum nema eitt í næst elsta árgangi með vorinu. Á skólaárinu var gert ráð fyrir að stöðugildi skólans yrðu 12 en þá var gert ráð fyrir að börnunum myndi fjölga um áramót. Að haustinu var gert ráð fyrir 10 stöðugildum en þau voru að jafnaði 5 til 7,5. Undirmönnun var viðvarandi frá hausti og fram að jólum, þegar verst var vantaði 60% af starfsfólkinu sumar vikurnar sem var til þessa að skerða varð þjónustuna við foreldra með því að stytta opnun skólans, loka milli jóla og nýárs, í vetrafríum grunnskólans og í dymbilvikunni. Um áramótin náðist ekki að fullmanna skólann og því var ekki hægt að taka börn inn af biðlistanum og sú staða varði óbreytt fram að sumarfríi.

Þar sem leikskólinn er lítill og oft mannekla þá er starfsfólk mikið nýtt á milli deilda en flestir starfsmenn eru í hlutastarfi.

Anja Kokoschka, leiðbeinandi, Rauða deild

Dagný Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri Rauðu deildar

Elsa Þorbjarnardóttir, deildarstjóri Gulu deildar og staðgengill leikskólastjóra

Guðmundur Freyr Kristbergsson, leiðbeinandi, Gula deild

Guðrún Þórðardóttir, ræsting

Helena Rut Hinriksdóttir, leiðbeinandi, Rauða deild

Hugrún Lilja Jóhannsdóttir, leiðbeinandi, Gula deild



Jara Natalía F. Björnsdóttir, leiðbeinandi, Gula deild  
Jónína Ósk Jóhannsdóttir, leiðbeinandi, Rauða deild  
Judith Anna Haas, sérkennslustjóri og leikskólakennari  
Kristín Ásdís Snorradóttir, leiðbeinandi, Gula deild  
Kristjana Karlsdóttir, leiðbeinandi, Gula deild  
Ragnhildur S. Ólafsdóttir, matráður  
Sara Björk Karlsdóttir, leiðbeinandi, Rauða deild  
Sjöfn Guðlaug Vilhjálmisdóttir, leikskólastjóri  
Unnur Jóhannsdóttir, deildarstjóri, Rauða deild.

## Áherslur í skólastarfi

Leikskólinn Hnoðraból starfar eftir lögum um leikskóla (nr.90/2008) en þar kemur fram að leikskólar séu fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Markmið Hnoðrabóls er að hafa velferð og hag barna að leiðarljósi samkvæmt lögum. Nám á að fara fram í leik og skapandi starfi og starfshættir byggja á umburðarlyndi, jafnrétti, kærleika, ábyrgð, lýðræðislegu samstarfi, virðingu og umhyggju.

Gildi skólans eru að ganga inn í daginn MEÐ SÓL Í HJARTA og hafa það að leiðarljósi í öllum þeim viðfangsefnum sem við tökum okkur fyrir hendur.

Í vetur höfum við lagt aukna áhrslu á virðingu og lýðræði í öllu okkar starfi og það hefur skilað okkur sjálföruggari barnahóp, meiri getu í sjálfstæðum leik, fjölbreyttum hugmyndum og því að börnin bera aukna virðingu fyrir samnemendum sínum og kennurum.

Flæði er okkar útgangspunktur í öllu starfinu og er markmiðið að koma börnum í flæðisástand hugans í sem flestum athöfnum dagsins.





## Skýrslur deildarstjóra

### Gula deild

Í upphafi skólaárs endurhugsuðum við gulu deild til að einfalda daginn svo öllum liði sem best og hægt væri að sinna sem bestri kennslu og utanumhaldi fyrir barnahópin í manneklunni sem við stóðum frami fyrir. Á Gulu deild voru 16 börn 3-6 ára, mest allt skólaárið en í maí bættist það 17 við. Engin börn voru færð á milli deilda.

Dagskipulagið byggði að mestu upp á að sem sjaldnast þyrfti að skipta um athafnir svo börnin næðu að vera í sem mestu flæði. Eins höfðu börnin alltaf mikið val um hvað þau vildu gera hverju sinni þannig að allir gátu unnið út frá sínu áhugasviði. Sem fyrr er frjálsi leikurinn okkar helsta kennslutæki og dagurinn byggir að mestu upp á frjálsum leik. Börnin hafa frjálst aðgengi að sem mestum efnivið inni á deildinni og því gátu skapast mikil byggingalistaverk og börnin brugðið sér í margskonar hlutverk. Sköpun er alltaf stór þáttur af starfinu okkar og leggjum við áherslu á að börnin hafi aðgang að efnivið til að skapa og að í listastundum sé sköpunin sem minnst stýrð og einblínum við þá mest á athöfnina en ekki útkomuna. Fyrir hádegi buðum við flesta daga uppá lista- eða vísindastund í klukkutíma þar sem börnin gátu valið um að vera í frjálsum leik inni á deild eða í þessari stund inni í listasmiðju. Síðan var boðið uppá hreyfingu í klukkutíma og þar var sama sagan, börnin gátu valið að fara í hreyfistund í salnum eða leika inni á deild. Þó svo auðvitað höfum við séð ákveðið mynstur þar sem sum börn völdu þessar stundir sjaldnar þá fóru yfirleitt allir bæði í listasmiðju og sal í hverri viku. Í salnum höfum við bæði verið með stýrðar stundir þar sem við æfum eitthvað ákveðið eins og dans, yoga, klifur o.s.frv. eða frjálsar stundir með þrautabraut þar sem börnin þjálfa hreyfinguna á eigin forsendum. Útivist er stór partur af deginum okkar. Oft hefur verið stílað inná tvær til þrjár útiverur á dag en við breyttum því þannig að öll börnin fóru að lármarki einu sinni á dag út í langa útiveru eftir hádegi. Þegar starfsmannahald og veður leyfði (sérstaklega í vor) buðum við svo uppá val þar sem börnin gátu farið út fyrir hádegi og í lok dags en þau sem vildu gátu verið inni. Það var ánægjulegt að sjá hvað börnin fóru vel með þetta val og völdu langoftast flest að fara út ef veðrið var



gott og oft var ákveðið að bjóða uppá útiveru af þeirra frumkvæði. Þegar mannahald leyfði reyndum við að fara eins oft og hægt var út fyrir leikskólalóðina í göngu- og könnunarferðir. Farið var niður að á, út á læknistún, upp í kletta, á fótboltavöllinn og sparkvöllinn, út í Hver, í garðinn hennar Kristjönu og víðar um svæðið.

Það að hafa svona mikið val, skipta sjaldan um athafnir og einbeita okkur að flæði barnanna í frjálsum leik gerði meira fyrir barnahópinn en okkur hefði grunað. Börnin hafa þroskast og dafnað vel í vetur og eru alltaf að læra eitthvað nýtt. Það sem mestu máli skiptir er þó það hvað börnunum líður vel í deginum og það skilar okkur meiri ró í hópinn og auknum þroska.

Í samverustundum sem voru tvisvar á dag var allur hópurinn saman og þar sungum við, æfðum Lubbahljóðin, lærðum um vináttuna og tilfinningarnar með Blæ, fjölluðum um þemaefni hvers mánaðar eða viku fyrir sig, lásum sögur, kynntum okkur venjurnar 7, æfðum upp hljóðkerfisvitundina og margt fleira.

Elsti hópurinn var lítið tekinn sér í verkefnavinnu heldur höfðu þau aðgang öllum stundum að verkefnabókunum sínum og ljósritum sem þau unnu eftir áhuga hvers og eins. Sum unnu af kappi á meðan hvetja þurfti önnur. Yngri börnin á deildinni höfðu líka mikinn áhuga á þessum verkefnum svo þau fengu líka ljósrit til að vinna.

Í hvíld eftir hádegismat vorum við öll saman inni í sal og hlustuðum á sögur á spotify. Hvíldarstundin er okkur mjög mikilvæg en það kom oft fyrir að einhver sofnaði í hvíldinni.

Barnahópurinn okkar er margvíslegur og aukin stuðningsþörf var vegna nokkurra barna. Það gekk þó mjög vel að láta öllum líða vel þannig að allir gætu tekið þátt í daglegu starfi án þess að þurfa mikinn auka stuðning. Heilt yfir gekk þessi vetur vonum framur þó sjaldan hafi náðst dagar þar sem var fullmannað.

Dagskipulag Gulu deildar skólaárið 2023-2024



8:00	Leikskólinn opnar, frjáls leikur
8:20	Flæði í morgunmat
9:00- 10:00	Listasmiðja og deild
9:40-10:05	Ávaxtastund í flæði
10:00-11:00	Salur og deild
11:05	Samverustund
11:30	Hádegisverður
12:00	Hvöld
12:30	Útivera
14:00	Samverustund
14:20	Síðdegishressing og frjáls leikur í framhaldinu
15:45	Leikskólanum lokað

Elsa Þorbjarnardóttir, deildarstjóri Gulu deildar skólaárið 2023-2024

## **Rauða deild**

Þegar ég kem til baka úr fæðingarorlofi í janúar 2024 tek ég við deildarstjórn á rauðu deilda af Unni Jóhannsdóttur sem hafði verið deildarstjóri í afleysingum haustið 2023. Þá voru 12 börn á rauðu deild, þar af 7 fædd árið 2021 og 5 börn fædd 2022. Í byrjun janúar byrjaði eitt nýtt barn hjá okkur og aðlögun gekk vel. Útaf starfsmannamálum gátum við ekki tekið fleiri börn inn þennan veturinn en það voru 4 börn á biðlista. Hjá okkur voru alla jafna 3-4 starfsmenn, 1 í 100% og 3 í ca 80% starfshlutfalli. Dagskipulagið hélst nokkurvegin eins allan veturinn og byggði það mikið á frjálsum leik ásamt hópaskiptu starfi. Eldri hlutinn fór oftast útaf deildinni, til dæmis inní sal eða inní listasmiðju þó yngri börnin hafi líka farið eitthvað á þessa staði líka. Við vorum dugleg að fara út fyrir hádegi þó veðrið hafi ekki alltaf leikið við okkur, en þessi hópur var mjög virkur úti og léku sér mikið þar. Við fórum reglulega í gönguferðir en þá var vinsælast að fara útá læknistún, æfa sig að labba á grasinu og í þúfunum. Við fórum líka í nokkur skipti útá



sparkvöll og fórum í hlaupaleiki og spörkuðum í bolta. Einnig fórum við í gönguferðir yfir brúnna hjá Smátúni og löbbuðum í hring út frá því.

Mest er unnið með málörvun í gegnum allan daginn ásamt samskiptum og eflingu í sjálfshjálpi, allt úr frá getu og og þroska hvers og eins. Við tókum tímabil í fataklefanum þar sem áherslan var að allir reyndu að renna niður rennilásnum á úlpunni eða gallanum sínum en við hjálpuðum með restina eins og þörf var á. Við lögðum áherslu á að nota Tákni með tali, sérstaklega í matartímum þar sem börnin þurfa að segja eða tákna það sem þau vilja fá, t.d. ávexti, grænmeti, brauð eða kex o.s.frv.

Í samverustundum lásum við bækur, sungum, fórum í málörvunarleiki og unnum með Lubba og málbeinið ásamt vináttuverkefningu Blæ. Við fórum eftir skipulagi sem byggði á máhljóði vikunnar út frá Lubbabókinni, þar sem eitt máhljóð var þema vikunnar. Í vináttustundum skoðuðum við bækur sem fjölluðu um tilfinningar og vináttu, ásamt því fórum við stundum með Blæ inn í sal og dönsuðum við hann þar og hlustuðum á tónlistina frá Blæ sem er inná spotify.

Við tvískiptum hvíldinni, þau sem sofa lengur og þau sem sofa styttra eða ekki neitt. Þeim fjölgaði í hópnum sem svaf ekki neitt, en þá hlustum við á sögur í hvíldinni. Eftir hvíldina fórum við í heimsókn inná Gulu deild og lékum þar í frjálsum leik fram að seinni samverustund. Við nýttum einnig salinn og listasmiðju á þessum tíma í frjálsum leik.

#### Dagskipulag Rauðu deildar 2023-2024

8:00 – Leikskólinn opnar og börnin fara í rólegan leik.

8:20 – Morgunmatur

9:00 – Frjáls leikur, hópur fer í listasmiðju eða sal.

9:45 – Ávaxtastund, bleiutjékk

10:00 – Útivist

10:50 – Koma inn, bleiuskipti

11:00 – Samverustund

11:20 – Hádegismatur



11:50 – Hvíld

12:15 – Hvíld hjá yngir, frjáls leikur inná gulu deild/sal fyrir eldri

14:00 – Samverustund

14:15 – Síðdegishressing, bleijuskipti

14:45 – Frjáls leikur úti eða inni

15:45 – Leikskólanum lokað

Dagný Vilhjálmssdóttir, deildarstjóri Rauðu deildar 2024

## Tónlist

Dóra Erna tónlistarkennari frá Tónlistarskóla Borgarfjarðar kom einu sinni í viku eins og hún hefur gert undanfarin ár. Hún tók börnin á Gulu deild til sín í tónlistartíma í mjög litlum hópum. Í tónlistartímum leggur hún fyrir sem fjölbreyttust verkefni og aðlagar þau að hverjum hóp og barni fyrir sig. Markmiðið er að börnin kynnist mismunandi hljóðfærum og hljóðgjöfum. Þau fá að prófa hin ýmsu smáhljóðfæri auk hlustunar til að vekja áhuga þeirra á tónlist og söng. Leitast hún við að tengja saman söng og hreyfingu og velur fjölbreytt lög með mismunandi hrynjanda. Núna í vetur lagði hún sérstaka áherslu á að vinna út frá niðurstöðum úr Hljóm-2 með elsta hópinn og að efla hljóðkerfisvitund hjá öllum.

Dóra lagði íslenska málhljóðamælinn fyrir öll börnin og vann svo út frá því þegar hún skipulagði kennsluna.

Tónlistin kennir þeim að skynja hrynjanda og takt sem þau æfa með hreyfileikjum og ásláttarhljóðfærum. Hún fer í gegnum námsefni Tónmáls þar sem lögð er áhersla á málörvun og forlestrarfærni í gegnum leik og tónlist. Dóra Erna hefur náð að byggja upp áhugaverða tónlistastundir með sinni sérþekkingu á því sviði sem börnin hér hafa fengið að njóta.

## Skýrsla sérkennslustjóra



Fyrri hluta skólársins höfðum við hjá okkur sérkennslustjóra sem sinnti utanumhaldi með sérkennslunni, fyllti út lista og sat sérkennslustjórafundum. Eftir að hún lét af störfum er utanumhaldið að mestu á höndum leikskólastjóra og deildarstjórar hafa sinnt sérkennslu, fylla út lista o.fl.

Stuðningur og sérkennsla á Hnoðrabóli fer að mestu leiti fram inni á deild eða í litlum hópum og reynt að tryggja að kennslan henti öllum börnum og þau geti öll lært á eign forsendum út frá eigin áhugasviði. Við leggjum miklá áherslu á snemmtæka íhlutun með markvissum aðgerðum í leik og starfi. Eins leggjum við áherslu á að eiga gott samstarf við foreldra því ekki er síður mikilvægt að þjálfun fari fram heima.

Okkur til halds og traust í sérkennslunni eru þessir aðilar:

- **Málstjóri frá skólaþjónustu Borgarbyggðar** kemur til okkar einu sinni í mánuði, fundar með leik- og deildarstjóra. Hann er ráðgefandi um hvernig sé best að bregðast við og heldur utanum tilvísanir.
- **Lausnateymisfundir.** Á lausnateymisfundum koma saman sérkennslustjórar allra leikskóla Borgarbyggðar ásamt málstjóra og þar er farið yfir beiðnir til sérfræðinga og hægt að sækja ráð.
- **Nemendaverndarráðsfundir.** Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur á öðru og þriðja stigi þjónustu við börn.. Í ráðinu sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, sálfræðingur, fulltrúi skólaþjónustu og fulltrúi frá félagsþjónustu Borgarbyggðar.
- **Talmeinafræðingar** koma þegar þess er óskað. Þeir leggja fyrir framburðar- og málþroskapróf, halda skilafundi með foreldrum og greina frá niðurstöðum og hvernig sé best að bregðast við þeim. Þeir veita ráðgjöf til skólans sem kom inn sem viðbót við þeirra þjónustu sem þeir hafa verið að veita. 4 börn hafa farið í mat til talmeinafræðinganna í vetur.
- **Trappa.** 3 börn hjá okkur hafa farið í 6 tíma hvert í talþjálfun hjá Tröppu talþjálfun. Þessi þjónusta er í boði fyrir þau börn sem eru að bíða eftir að komast að á stofu.
- **Sálfræðingur.** Við höfum aðgengi að sálfræðingi sem var ráðinn til að gera skimanir og þroskamát en hann kemur þegar þörf er á en veitir líka ráðgjöf til leikskólans í gegnum



nemendavernarráðsfundi. Sálfræðingurinn hefur komið að málum tveggja barna hjá okkur í vetur og veitt ráðgjöf fyrir fleiri.

- **Ráðgjafa og greiningastöð:** Þegar barn hefur farið í greiningu hjá Ráðgjafa- og greiningastöð ríkisins þá höfum við aðgang að leikskólaráðgjafa þeirra. Þetta skólaárið var eitt barn með greiningu og undir vor komst annað inn á biðlista til þeirra svo við höfum getað nýtt okkur ráð frá þeim ásamt því að leikskólaráðgjafinn situr nokkra teymisfundi.

Hnoðrabóli, júní 2024

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir

## Mat á starfsemi

Starfið er metið á fjölbreyttan hátt og er sífellt í endurmati svo gildi, markmið og leiðir stuðli að áframhaldandi þróun skólans. Starfið var ígrundað og metið á starfsdögum, deildarstjóra-, deildar-, ör- og starfmannafundum á skólaárinu út frá faglegum sjónarmiðum þar sem börnin eru í brennidepli. Matið er nýtt til umbóta í kennslu, starfi, skipulagi og öðru sem þurfa þykir. Það sem kom fram í foreldra- og starfsmannaviðtölum varðandi starfið var nýtt til áframhaldandi þróunar á starfi skólans.

Fundir á skólaárinu voru þessir:

Fundur á skólaárinu	Fjöldi í viku og á ári
Deildarstjórafundir	1x í viku
Teymisfundir	1x í viku
Stjórnendafundir	1x í viku og e. þörfum
Deildarfundir	Eftir þörfum
Örfundir að morgni	Flesta daga



Starfsmannfundir	4 x á ári
Starfsdagar	5 x á ári

## **Mat barnanna**

Börnin eru alla daga að meta starfið með því að láta skoðanir sínar í ljós á margvíslegan hátt og koma með hugmyndir. Þannig hafa þau áhrif á mótun starfsins á lýðræðislegan hátt sem eitt mikilvægasta afl til breytinga sem við viljum sjá í okkar samfélagi.

## **Starfsmannakönnun**

Á þessu skólaári var gerð starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins. Kannanir eru lagðar fyrir starfsmenn annað hvert ár og foreldra hitt árið. Starfsmannakönnunin núna skilar góðum punktum eins og alltaf sem þarf að vinna með á komandi skólaári. Starfsfólk Hnoðrabóls tókst á við krefjandi verkefni í vetur þar sem ekki náðist að manna skólann sem skildi. Af þeim sökum skapaðist álag sem var viðvarandi um langan tíma. Í þannig ástandi reynir á margt í skólastarfi. Í niðurstöðum Skólapúlsins kemur sterkt fram hjá starfsmönnum að vinnuálag hafi verið mikið og að undirbúningstími hafi verið færður til, að ekki hafi verið hægt að sinna símenntun og þróunarverkefnum eins og skildi. Markmið Hnoðrabóls og Borgarbyggðar er að hlúa vel að starfsumhverfi og símenntun þannig að hver starfsmaður nái að blómstra og finni til öryggis í vinnuvænu starfsumhverfi. Huga þarf vel að því að álag verði hæfilegt þannig viljum við hafa starfsumhverfið til framtíðar. Vil ég þakka starfsmönnum fyrir þátttökuna.





## Samstarf leik- og grunnskóla

Á hverju ári frá árinu 2008 hefur leikskólinn Hnoðraból og grunnskóli Borgarfjarðar, Kleppjárnsreykjadeild útúið samstarfssamning sín á milli og byggir hann á eftirfarandi markmiðum:

- Að styrkja og efla leik- og grunnskóla
- Að efla tengsl á milli nemenda í 1. bekk og elsta hóp leikskólans
- Að brúa bilið á milli skólastiga
- Að kennarar kynni sér starfsemi hvors annars
- Að gera samvinnu á milli skóla markvissari

Tilgangur samstarfs milli skólastiga er að tryggja að skólaganga barnanna myndi samfellu og að byggt verði ofan á nám og reynslu þeirra til að geta veitt börnunum öryggi og ný námstækifæri.

Kennarar og stjórnendur hittust í upphafi skólaárs og gerðu áætlun um samstarf vetrarins. Lagt var upp með að elstu börnin í leikskólanum færu í heimsókn í grunnskólann 2x í mánuði frá október og fram í apríl og 1. bekkur kæmi í heimsókn í leikskóla 1x í mánuði. Þessar heimsóknir gengu allar mjög vel en þó nokkrum sinnum þurftum við þó að fella niður heimsóknir vegna mönnunarvanda, bæði í leik- og grunnskóla. Í apríl var svo grunnskóladagur þar sem leikskólahópurinn fór með skólarútum frá heimili sínu um morguninn, tók þátt í heilum skóladegi og fóru svo aftur heim með skólabílunum. Kynningafundur var svo í kjölfarið fyrir foreldra væntanlegra grunnskólanema í grunnskólanum. Leikskólinn leggur svo mikla vinnu í lok skólaárs að fylla út skilagögn og koma sem best upplýsingum um hvert og eitt barn yfir til grunnskólans. Á fundinum þetta árið sátu deildarstjóri, leikskólastjóri, væntanlegir kennarar 1. bekkjar, deildarstjóri sérkennslu GBf og deildarstjóri Kleppjárnsreykjadeildar GBf. Ávinningurinn af því að miðla upplýsingum milli skólastiga er sá að auðveldara verður að byggja ofan á nám barnsins og mæta því eins vel og hægt er.

Þetta samstarf er alltaf að eflast með nálægðinni sem er á milli stofananna og er mjög gefandi og skemmtilegt.



## Viðburðir, hátíðir og hefðir

Við erum með viðburðardagatal fyrir árið sem við sendum heim með börnunum fyrir hvora önn fyrir sig. Þar koma fram upplýsingar um alla viðburði.

### Ágúst:

- Í ágúst komum við skólastarfinu í sitt horf. Við aðlöguðum ný börn, vorum mikið úti og komum öllu aftur í sína rútínu ásamt því að skoða smádýr.
- Regnbogadagur: Þá fögnuðum við fjölbreytileikanum og klæddumst öllum litum regnbogans.
- Ævintýradagur: Þá fórum við ævintýraferð með nesti að Reykjadalssá, sulluðum í ánni undir brúnni, lásam ævintýrið um geiturnar þrjár og skemmtum okkur.

### September:

- Í september var þemað jarðlitir, húsdýr og venja 1 í leiðtogafræðunum.
- Réttarvika og smalakaffi: Við fræddumst um sauðfé, réttir og göngur og fórum í göngutúr með nesti og leitum að kindum eins og gangnamenn.
- Lopapeysudagur: Þá skoðuðum við ull og eiginleika hennar, mismunandi mynstur í lopapeysum og klæddumst ullarfötum.
- Náttúruvika: Þá tókum við til í nærumhverfinu og undirbjuggum veturinn.

### Október:

- Í október var þemað bleikur, önnur spendýr og venja 2 í leiðtogafræðunum.
- Bókavika: Þá máttu allir koma með eina bók á dag.
- Umferðarvika: Þá fræddumst við um umferðareglur, bíla, fórum í göngutúr þar sem við æfum okkur að fara yfir götu.
- Afmæli Hnoðrabóls: Þá var fallið frá hefðbundnu skipulagi og haldin afmælisveislu með blöðrum, andlitsmálningu og afmælisköku.
- Bangsadagur: Þá máttu allir koma í náttfötum og með bangsa.

### Nóvember:



- Þemað var grænn, lífið í sjónum og venja 3 í leiðtogafræðunum.
- Við byrjuðum nóvember á foreldraviðtölum sem gengu mjög vel.
- Grænn dagur, forvarnardagur v. eineltis: Þann dag töluðum við extra mikið um mikilvægi vináttunnar.
- Dagur íslenskrar tungu: Þann dag buðum við foreldrum í heimsókn, sungum fyrir þau og héldum fimleikasýningu.
- Eldvarnarvika: Þá fórum við yfir mikilvægi eldvarna.
- Jólagjafavika: Þá undirbjuggum við jólagjafir fyrir foreldra.

#### **Desember:**

- Í desember spjöllum við um jólin og öllu því tengdu. Þemaliturinn er rauður.
- Rauður dagur: Þá mættu þeir sem vildu í jólafötum eða rauðum fötum.
- Piparkökuvika: Þá bökuðum við piparkökur, skreyttum piparkökur og borðuðum piparkökur.
- Jólasveinavika: Þá lásum við ljóð Jóhannesar úr Kötlum um jólasveinana og spjöllum um þessa sögu og hefð.

#### **Janúar:**

- Þema janúar var svartur/hvítur, eðlisfræði og venja 4 í leiðtogafræðunum.
- Bókavika: Þá máttu allir koma með eina bók á dag.
- Föstudagurinn Dimmi: Þá komu börnin með vasaljós og við lékum okkur með ljós og skugga og lærðum um rafmagn.
- Spiladagur: Þá komu börnin með eitt spil eða eitt púsl að heiman.
- Náttfatadagur: Þann dag mættu þau börn sem vildu í náttfötum og með bangsa/dúkku í leikskólann.

#### **Febrúar:**

- Þema febrúar var fjóluþlár, líkaminn og venja 5 í leiðtogafræðunum.



- Dagur leikskólans: Þann dag var opið hús hjá okkur og ljósmyndasýning barnanna um hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í leikskólanum.
- 1-1-2 dagurinn: Við ræddum mikilvægi þess að kunna að hringja í 1-1-2 ef eitthvað kemur fyrir.
- Bolludagur. Bollur í matinn.
  - \* Sprengidagur. Saltkjöt og baunir.
  - \* Öskudagur: Þann dag mættu allir í búningum, við slóum köttinn úr tunninni og héldum öskudagsball í salnum.
- 15. febrúar: skipulagsdagur.
- Góðverkavika: Þá lögðum við sérstaka áherslu á mikilvægi þess að hjálpast að og sýna vináttu og virðingu.
- 26. & 27. febrúar var vetrarfrí grunnskólans og lokað hjá okkur.
- Dótadagur: Þá máttu allir koma með eitt leikfang að heiman.

#### **Mars:**

- Þema mars var gulur, ræktun og venja 6 í leiðtogafræðunum.
- Foreldraviðtalsvika: seinni foreldraviðtöl skólaársins.
- Gulur dagur: Þá hvöttum við alla til að mæta í einhverju gulu
- Dagur stærðfræðinnar: Við ræddum að stærðfræðin er allsstaðar í kringum okkur.
- Tannverndarvika: Þá fórum við ítarlega yfir hvernig við getum hugsað vel um tennurnar okkar.
- Mislitir sokkar: Dagur Downs-heilkennis. Þá hvöttum við alla til að mæta í mislitum sokkum og fögnuðum fjölbreytileikanum.
- 25. mars hófst dymbilvika og þá var lokað hjá okkur.

#### **Apríl:**

- Þema apríl var blár, fuglar og venja 7 í leiðtogafræðunum.
- Dagur einhverfu: Við hvöttum alla til að klæðast litríkum fötum þann dag.
- Bókavika: Þá máttu börnin koma með eina bók á dag í leikskólann.



- Blár dagur: Þá hvöttum við alla til að klæðast bláu.
- Systkinakaffi: Þann dag buðum við systkinum leikskólabarna og foreldrum í kaffi við mikla lukku.
- Umhverfisvika: Þá einbeittum við okkur að því að taka til í nærumhverfinu okkar.

#### **Mái:**

- Þema máí var appelsínugulur og nýtt líf.
- Drullumallsvika: Þá settum við upp drullumallssvæði í bakgarðinum og urðum skítug upp fyrir haus af gleði.
- Útidótadagur: Þann dag máttu börnin koma með eitt útileikfang að heiman.
- Útskriftarferð í Vatnaskóg. Í ferðina fóru 4 nemendur og 1 kennari, farið var í rútu með Andabæ og svo hittum við Klettaborg í Vatnaskógi og voru þessir þrír skólar saman allan daginn.
- Útskrift og fjör: Þá varð mikið fjör hjá okkur með balli og blöðrum og eftir hádegi fór fram útskrift elstu barnanna. Að útskriftinni eru allir foreldrar útskriftarbarna boðaðir og svo er sparikaffi að hætti Rönku á eftir. Hin börnin á deildinni fóru í gönguferð og borðuðu kaffi í garðinum hjá Kristjönu.
- Hreyfivika og íþróttamót: Við töluðu um mikilvægi hreyfingar og héldum íþróttamót þar sem allir spreyttu sig á eigin forsendum, einn í einu í boltakasti, langstökki og spretthlaupi.

#### **Júní:**

- Þema júní var gróður.
- Ömmu og afa kaffi: Þá buðu börnin ömmum sínum og öfum að koma og leika í leikskólanum og fá smá kaffisopa. Dagurinn vakti mikla spennu og lukku hjá börnunum og var kaffið vel sótt af ömmum og öfum sem lögðu á sig mis löng ferðalög til að geta verið með okkur.
- Hjóladagar: Þá komu börnin koma með hjólin sín (eða sparkbíla) og hjálmana í leikskólann. Við hjóluðum í þrjá daga innan og utan garðsins. Þó nokkur börn lærðu að sleppa hjálpardekkjunum á þessum tíma þar sem fæst hafa aðgang að steypu undirlagi til að æfa sig að hjóla heima og áttu því auðveldara með að æfa sig hér.



- 17. júní hátíð: Þá veifuðum við fánum, borðuðum pylsur og fengum andlitsmálningu.

## Leikhúsferðir

Listaskóli Borgarfjarðar (Tónlistaskólinn) stuðlaði að því að við fórum í tvær leikhúsferðir í Borgarnes á skólaárinu.

- Í október fór elsti árgangurinn á sýninguna Vindurinn vinur minn á óperudögum í Óðali í Borgarnesi.
- Í mars fóru svo elstu tveir árgangarnir í íþróttahúsið í Borgarnesi á sýningu Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Maximús Músíkús tónleika.

Báðar ferðirnar voru mjög vel heppnaðar og mikil upplifun fyrir börnin. Kærar þakkir til þeirra sem stóðu fyrir þessu.

## Foreldrasamstarf

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra og er á engan hátt ætlað að koma í stað þess (*lög um leikskóla, 90/2008*). Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna ásamt gagnkvæmri virðingu og trausti í samskiptum sem er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Við búum í miklu návígi við foreldra í okkar litla samfélagi, okkur hefur fundist það vera kostur og teljum það vera góða sérstöðu sem við nýtum okkur á jákvæðan hátt. Í öllu foreldrasamstarfi skipar foreldrafélagið og foreldraráð skólans mikilvægt hlutverk sem umsagnar-, stuðnings- og verndaraðili Hnoðrabóls. Við leggjum áherslu á gott upplýsingaflæði um starf skólans, nám barnanna og síðast en ekki síst daglegt upplýsingaflæði um líðan barnsins. Grundvöllur að góðri foreldrasamvinnu er að hafa gott upplýsingaflæði og höfum við lagt okkur



fram við að hafa það metnaðarfullt þrátt fyrir aðstæður með því að nýta okkur smáforritið Karellen, Facebook-síðu foreldrafélagsins, tölvupóst, símtöl og dagleg samskipti.

Þetta skólaárið hefur reynt sérstaklega á þetta góða og öflugna foreldrasamstarf þar sem við höfum fundað töluvert með stjórn foreldrafélagsins um mönnunarvanda Hnoðrabóls. Eins var tekin góð umræða um stöðuna á foreldrafundi sem alltaf er haldinn að hausti. Þar ákváðu foreldrar að senda bréf á Borgarbyggð og óska eftir að gripið yrði til aðgerða til að ofgera ekki því starfsfólki sem stendur vaktina. Þar var t.d. óskað eftir að lokað yrði á milli jóla- og nýárs, í dymbilviku og í vetrarfríum grunnskólans. Eins var nefnt að gott væri að loka fyrr á föstudögum og jafnvel stytta opnun alla daga til að hægt sé að mæta styttingu vinnuvikunnar og hvíla starfsfólk. Þetta dygga samstarf og stuðningur hefur gefið okkur byr til að halda áfram að vinna í lausnum á þessu hvímléiða vandamáli.

## **Foreldrafundur**

Foreldrafundur var haldinn í húsnæði skólans í lok október. Stjórnendur kynntu starf skólans, ræddar voru áskoranir vegna mönnunarvanda og í kjölfarið var aðalfundur foreldrafélagsins og kaffiveitingar í boði stjórnar foreldrafélagsins. Ný stjórn var kjörin og farið var yfir starf félagsins. Fundurinn var vel sóttur sem var virkilega ánægjulegt.

## **Starfsþróun og breytingar**

Fyrst og fremst hefur starf vetrarins farið í það að halda skólanum opnum. Því hefur verið minna um það að starfsfólk hafi sótt námskeið eða endurmenntun.

Þessi námskeið sóttu starfsmenn á skipulagsdögum og á starfsmannafundum:

- Skyndihjálparnámskeið á vegum RKÍ, fyrirlesari Anna Þóra.
- Fræðsla á vegum Skólaþjónustu Borgarbyggðar um farsældarfrumvarp barna og menningamálaráðherra og hvernig skólaþjónustan virkar.



- Fyrirlestur „Einingakubbar, flæði og leikurinn“ fyrirlesari Ingibjörg Kristleifsdóttir leikskólakennari
- Heimsókn í leikskólann Andabæ, Ásta Guðmundsdóttir leikskólastjóri greindi okkur frá starfi skólans og var með fyrirlestur um Kvartlausna mánuð eð verkefnið „Við sköðum okkar eigin hamingju – ÞORIR ÞÚ ?“.
- Heimsókn í leikskólann Ugluklett, Kristín Gísladóttir leikskólastjóri sagði okkur frá starfi skólans og helt meðal annars fyrirlestur um innra og ytrammat.

## Lokaorð

Verkefni skólaársins voru ansi mörg, óvenjuleg, krefjandi og gleðileg. Helsta áskorunin var að manna skólann og gera aðgerðaáætlun til að minnka álagið vegna mönnunarvanda. Þær aðgerðir sem farið var í var að stytta opnun skólans daglega og lokað var milli jóla og nýárs, í vetrafríum grunnskólans og í dymbilviku. Að auki var tekin ákvörðun um að hafa 6 vikna sumarlokun þetta sumarið, í stað 4 vikna eins og verið hefur. Allar aðgerðir voru unnar í samstarfi við foreldraráð Hnoðrabóls og sviðstjóra fjölskyldusviðs sem er tengiliður við fræðslunefnd. Það sem stóð uppúr eftir þessar áskoranir er lærdómurinn og það tækifæri sem við fengum til að styrkja skólastarfið og foreldrasamstarfið. Við höfum lært margt sem mun nýtast okkur til framtíðar.

Ég vil þakka öllum sem komu að starfi skólans í vetur fyrir ánægjulegt samstarf.

Virðingarfyllist

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir

Leikskólastjóri Hnoðrabóls.